

Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi

10. fundur faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi, haldinn þriðjudaginn 15. október 2019 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 9:00.

Mætt: Krístrún Hafliðadóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Torfi G. Sigurðsson frá Mannvit, Ásta B. Malmquist frá ASK arkitektum, Hermann Ólafsson, Sigurður Ólafsson, Óðinn K. Andersen, Gunnar E. Sigurbjörnsson og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Eiríkur Steinn Búason, Júlíana Tyrfingsdóttir, Tómas Ellert Tómasson og Atli Marel Vokes boðuðu forföll.

- 1) Skipulagsmálin. Litið á tölvupóst frá Atla og ljóst að lausn málsins er í sjónmáli. Það á eftir að svara umsögnum. Þar sem deiliskipulagið hefur ekki verið staðfest þá getur verktími hliðrast eitthvað.
- 2) Stefnt að því að auglýsa jarðvinnuútböð um næstu helgi. Miðað er við að jarðvinnu sé lokið 7. janúar nk.
- 3) Skoða þarf dagsetningar betur m.t.t. aðalútboðs.
- 4) Umræða um spennistöð sem er í vinnslu í skipulags- og byggingarnefnd.
- 5) Lóð – snjóbræðsla. Farið yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar frá síðasta fundi. Svæðið hefur verið minnkað en allar helstu gönguleiðir eru inni og ylbræðsla undir stóra sandkassanum. Umræða um rennsli á vatni á lóðinni, ma. niðurföll, svo hægt sé að koma í veg fyrir vatnssöfnun. Einnig rætt um krana fyrir utan húsið. Girðingar fyrir utan pallana, Hermann kynnti hugmynd um regnbogaplexigler og fundarmönnum leist vel það.
- 6) Umræða um viðhald á leikskólalóðum sem þarf að tryggja svo gras o.fl. verði í góðu lagi. Einnig fjallað um lýsingu við húsið og á lóð. Gert er ráð fyrir eftirlitsmyndavéla-kerfi á nokkrum ljósastaurum. Þarf að vinna það í góðu samstarfi við tölvudeildina.
- 7) Farið í teikningar af innréttingum. Ákveða þarf hvaða hurðir eiga að vera aðgangsstýrðar. Athuga þarf með rafmagnstöflu í móttökueldhúsi og stálsúlur í fatahengi. Gera þarf ráð fyrir lækkun í gólfi fyrir neðan frystiklefann. Gögn v/aðgangsstýringa þurfa helst að berast til Torfa í byrjun næstu viku. Teikningar af vinnuáðstöðu starfsfólks fékk góðar viðtökur. Umræða um smíði á pöllum í þvottahúsi sem þurfa að taka mið af þeim tækjum sem verða fyrir valinu. Teikningar eru enn í vinnslu en fundarmenn fá þær til skoðunar.
- 8) Farið yfir rafmagnsteikningar, m.a. staðsetningu tengla inni. Þá þarf að gera ráð fyrir tenglum utan á kofum á lóð. Einnig spáð í staðsetningu tengla utan á húsinu, hafa hann í svipaðri hæð og skjólveggir verða.
- 9) Stefnt að næsta fundi 29. október kl. 9:00.

Fundi slitið kl. 10:37